

AUGLÝSING

um starfsreglur um prestssetur.

„STARFSREGLUR
um prestssetur.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Prestssetursjarðir og prestsbústaðir eru eign þjóðkirkjunnar í umsjá kirkjumálasjóðs og prests, samkvæmt starfsreglum þessum. Í starfsreglunum merkir orðið prestssetur aðsetursstað prests skv. starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði og er hluti af embætti hans.

2. gr.

Prestssetur eru:

- a. *Prestssetursjörð*: Tiltekin jörð (lögbýli) ásamt mannvirkjum, þar með talið íbúðarhús sem samkvæmt starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði er prestssetur.
- b. *Prestsbústaður*: Íbúðarhúsnæði án jarðnæðis í tilteknu sveitarfélagi eða á tiltekinni jörð eða nafngreindum stað þar sem boðið er í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði að prestssetur skuli vera.

II. KAFLI

Stjórn prestssetra.

3. gr.

Kirkjuráð skipar þrjá menn í stjórn prestssetra svo og varamenn þeirra til fjögurra ára frá og með 1. júlí, árið eftir kjör til kirkjuráðs. Kirkjuráð velur einn aðalmann og einn varamann án tilnefningar. Kirkjubing og stjórn Prestafélags Íslands tilnefna hvort sinn fulltrúa og varamann. Skal tilnefna eina konu og einn karl í sæti aðalmanns og eina konu og einn karl í sæti varamanns. Kirkjuráð skipar formann stjórnar og fyrsta og annan varamann hans, sem koma úr röðum aðalmanna. Kirkjuráð skal einnig ákveða, til fjögurra ára, hver í varastjórn gegni stöðu formanns stjórnar í þeim tilvikum að öll aðalstjórnin víki sæti.

4. gr.

Kirkjuráð undirbýr og annast kaup og sölu prestssetra, eigna eða réttinda sem tengjast þeim. Samþykkt kirkjubings þarf til sölu prestssetra hvort sem salan varðar alla eignina eða hluta hennar.

Ákvarðanir um nýbyggingar skulu samþykktar af kirkjuráði.

5. gr.

Stjórn prestssetra fer að öðru leyti með málefni prestssetra og hefur almennt fyrirvar þeirra vegna. Stjórn prestssetra fer með stjórn prestssetursjarða gagnvart prestum á prestssetursjörðum samkvæmt ábúðarlögum og öðrum lögum, en einnig hlutverk leigusala gagnvart presti í prestsbústað samkvæmt húsaleigulögum, með þeim afbrigðum sem kunna að leiða af lögum um prestssetur og starfsreglum þessum, svo og sérstöðu prestssetra að öðru leyti.

Stjórnin gerir samninga við presta um afnot þeirra af prestssetrum.

Stjórnin gerir leigusamninga vegna prestssetra og réttinda sem þeim tengjast, aðra en þá sem prestum er heimilt að gera í skjóli réttinda sem afnot af prestssetri veita.

Samningar um leigu eða önnur afnot af prestssetri til lengri tíma en fimm ára skulu jafnan háðir samþykki kirkjuráðs.

6. gr.

Stjórn prestssetra gerir fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár í senn og leggur hana fyrir kirkjuráð til samþykktar. Stjórn prestssetra er heimilt að samþykkja eftirfarandi útgjöld vegna prestssetra skv. fjárhagsramma sem kirkjuráð setur fyrir hvert almanaksár í senn:

Viðhald prestssetra.

Lögboðnar váttryggingar prestssetra.

Fasteignagjöld prestssetra.

Leigu fasteignar sem prestsseturs.

Annar rekstur prestssetrana sem greiðist ekki af presti.

Rekstur og umsýslu málaflokksins.

7. gr.

Tekjur kirkjumálasjóðs af prestssetrum eru sem hér segir:

- a. Leigutekjur af prestssetrum.
- b. Álag greitt af presti við úttekt samkvæmt lögbundinni úttekt við ábúðarlok hans ef því er að skipta.
- c. Hreinar tekjur af hlunnindum viðkomandi prestsseturs, sem samkomulag er gert um.
- d. Aðrar tekjur.

III. KAFLI

Prestssetur.

8. gr.

Prestur er vörslumaður prestsseturs og ber ábyrgð á því ásamt stjórn prestssetra.

9. gr.

Kirkjumálasjóður greiðir kostnað vegna prestsseturs, svo sem vegna nýframkvæmda, endurbóta og annan tilfallandi kostnað við prestssetrið, annan en þann sem prestur greiðir.

10. gr.

Prestur hefur öll lögmæt og eðlileg afnot prestsseturs, meðan hann gegnir prestsembætti. Prestur hefur umsjón með og nýtur arðs af prestssetri samkvæmt samkomulagi við stjórn prestssetra. Prestur getur eigi ráðstafað prestssetri eða réttindum sem því tengjast, þannig að það bindi stjórnina og/eða þannig að ráðstöfun gildi lengur en hann gegnir embætti sínu, án samþykkis stjórnar og lögmæltra aðila hverju sinni. Prestur getur ekki, án samþykkis stjórnar prestssetra, ráðstafað prestssetri nema í samræmi við eðlileg og hefðbundin not þess. Alla samninga, sem fela í sér varanlega skerðingu eða breytingu á prestssetri, ásýnd þess - eða viðbætur við prestssetrið - gerir stjórn prestssetra, svo og löggæringa vegna réttinda sem undanskilin kunna að vera afnotarétti prests.

Eignir og réttindi sem fylgja prestssetrum, en prestur óskar eftir að undanskilja afnotarétti sínum eða þau sem tilgreind eru með ákveðnum hætti að séu ekki inni í grunni til leigu, eru í höndum stjórnar prestssetra.

11. gr.

Prestur hefur umsjón með og kostar minniháttar lagfæringar á prestssetri skv. ákvæðum húsaleigu- og ábúðarlaga.

12. gr.

Stjórn prestssetra ákveður hvernig umbúnaður á prestssetri er, vegna ferðaþjónustu, fornminja, náttúruminja og annars þess háttar, sem lýtur að ytri ásýnd prestssetranna, að því leyti sem lög og samningar mæla ekki á annan veg. Sé prestssetur leigt öðrum en presti, semur stjórnin um leigukjör við hlutaðeigandi. Presti er heimilt, með samþykki stjórnar prestssetra, að leigja prestssetur þriðja manni um skamma hríð, svo sem t.d. meðan prestur er fjarverandi í námsleyfi. Skal þá litið svo á að prestur beri fulla ábyrgð á prestssetrinu, eins og hann sæti það með venjulegum hætti.

13. gr.

Ef prestssetur er ekki setið af presti, vegna þess að prestakall er laust eða vegna ákvörðunar biskups um slíka ráðstöfun sbr. ákvæði 42. gr. laga nr. 78/1997, fer stjórn prestssetra með öll réttindi og skyldur sem prestssetrið varða. Stjórn prestssetra ákveður hvernig prestssetrinu skuli ráðstafað og/eða um það sinnt. Þess skal ávallt gætt að prestssetur sé laust til afnota fyrir prest, þegar hann tekur við embætti.

Ef prestssetur er ekki setið af presti til frambúðar eða um lengri tíma, m.a. vegna sam- einingar prestakalla, skal stjórn prestssetra afhenda kirkjuráði vörslu og fyrirvar prests- setursins.

14. gr.

Prestssetur skal ávallt tekið út við skil prests á því.

Viðtakandi prestur á rétt á því að fá prestssetur tekið út í hendur sér ef l. mgr. á ekki við, svo sem ef prestssetur hefur ekki verið setið, eða ef um nýtt prestssetur er að ræða.

Við úttekt á prestssetursjörðum skal fylgja ákvæðum ábúðarlaga.

Kostnaður við úttektir við ábúðarlök á prestssetursjörðum og við skil á prestsbústað greiðist af stjórn prestssetra.

Stjórnin ákveður hverju sinni hvort prestssetur skuli tekið út eftir endurbætur á því.

Að öðru leyti vísast til ákvæða starfsreglna um prófata.

IV. KAFLI

Heimildarskjöl.

15. gr.

Stjórn prestssetra semur haldsbréf (byggingarbréf) fyrir hverja prestssetursjörð og hvern prestsbústað. Haldsbréf ásamt reglum þessum skal liggja frammi á biskupsstofu og hjá próföstum til sýnis fyrir umsækjendur um prestsembætti þar sem prestssetur fylgir.

Á grundvelli þessara skjala skal gerður samningur milli prests og stjórnar prestssetra um umráð og afnot prests af prestssetri.

Jafnframt skal presti greint frá áætlun um viðhald og framkvæmdir við prestssetrið.

16. gr.

Um stöðu prests og stjórnar prestssetra fer að öðru leyti eftir ákvæðum ábúðarlaga eða húsaleigulaga, eins og við getur átt.

V. KAFLI
Leiga/afgjald.

17. gr.

Stjórn prestssetra reiknar árlega leigu/afgjald, sem prestur innir af hendi vegna afnota sinna af prestssetri meðan hann gegnir embætti og fer með forráð prestssetursins.

Til viðmiðunar árlegrar leigu skal stjórn prestssetra taka fasteignamat þeirra eigna sem prestur hefur umráð yfir, eins og það er 1. desember næst á undan gjaldaári, svo og einnig þau lögboðnu gjöld sem innt eru af hendi af hálfu stjórnar prestssetra vegna þessara sömu eigna.

Til viðmiðunar skulu einnig vera hlunnindi eða önnur verðmæti sem ekki eru talin til fasteignamats en hafa sannanlegt verðgildi og prestur nýtir.

Ákvörðun leigu skal tekin fyrir eitt ár í senn og skal því jafnað niður á gjaldaárið með mánaðarlegum greiðslum frá 1. júní til 31. maí og skal það tilkynnt leigutökum fyrir 1. maí. Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt.

Leigan skal jafnan innt af hendi fyrirfram fyrir hvern mánuð og hún dregin af launum prests.

Prestur greiðir ekki leigu fyrir eigin eignir á prestssetri ef þær eru fyrir hendi. Þá greiðir prestur ekki leigu af þeim hluta prestsseturs er ekki nýtist honum og sem stjórn prestssetra hefur samþykkt að prestur skuli ekki hafa afnot af eða umráð yfir.

18. gr.

Stjórn prestssetra er heimilt að lækka leigugjald fyrir prestssetur að ósk prests enda séu fyrir því gild rök. Hér er m.a. átt við lögmat leyfi er biskup veitir, sérstakar skyldur, sérstakar aðstæður, óeðlilegan rekstrarkostnað eða óvanalega hátt fasteignamat.

Stjórn prestssetra er heimilt að mæla svo fyrir að ákvarðanir um þessi efni skuli vera tímabundnar og falla sjálfkrafa úr gildi er prestur lætur af embætti og afhendir prestssetur.

VI. KAFLI
Hlutverk stjórnar prestssetra.

19. gr.

Í prestakalli þar sem kirkjuþing hefur ákveðið að skuli vera prestssetur, en stjórn prestssetra hefur ekki yfir húsnæði að ráða, er stjórninni heimilt að gera samning við prestinn um leigu á húsnæði í hans eigu sem prestssetur.

20. gr.

Stjórn prestssetra getur leitað eftir fjárstuðningi viðkomandi sókna sem og annarra aðila þegar ráðist er í mjög fjárfrekar framkvæmdir.

VII. KAFLI
Hagsmunir og fyrirvar.

21. gr.

Stjórn prestssetra hefur almennt fyrirvar vegna prestssetra út á við og gætir hagsmuna prestssetra í samráði við hlutaðeigandi prest, prófast og önnur kirkjuleg yfirvöld. Stjórn prestssetra hefur gætur á lagasetningu, lagabreytingum, setningu eða breytingu á fyrirmælum stjórnvalda er varða hagsmuni prestssetra.

Stjórn prestssetra ásamt presti gætir hlunninda og annarra fjárhagslegra hagsmuna sem kunna að fylgja prestssetrum. Hér er m.a. átt við að varðveita greiðslumark það, sem nú er fyrir hendi á prestssetrum landsins sem og veiðihlunnindi.

22. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum ábúðarlaga má ákveða í haldsbréfi eða með sérstöku samkomulagi að umráðamaður viðkomandi prestsseturs njóti ekki hluta arðs af hreinum tekjum af hlunnindum prestsseturs, sem krefjast ekki sérstaks vinnuframlags umráðamanns. Hlunnindi þessi skulu tilgreind nákvæmlega í haldsbréfi og ef þessi heimild er nýtt skal takmörkun hlunninda getið í auglýsingu um embættið. Renna arðgreiðslurnar þá beint í kirkjumálasjóð og greiðir umráðamaður ekki leigu af þessum hlunnindum, öðrum en þeim sem hann nýtir hlutfallslega skv. áðurnefndu samkomulagi og haldsbréfi. Til viðmiðunar við samkomulagsgerð, skal árleg arðgreiðsla að jafnaði skiptast þannig að 50% renni beint til kirkjumálasjóðs en 50% til umráðamanns. Arðgreiðslur, allt að 600 þúsund kr. á ári, renna þó óskiptar til umráðamanns. Fjárhæð þessi skal taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá gildistöku þessara starfsreglna. Náist ekki samkomulag um greiðslu samkvæmt þessu skulu hlunnindin undanskilin ábúð og skal stjórn prestssetra annast um hagsmunagæslu þeirra vegna.

Greiðslumark sauðfjár er hluti af þeim eignum og réttindum sem fylgja prestssetrum sem ekki eru talin til fasteignamats jarðarinnar. Stjórn prestssetra hefur heimild til að færa greiðslumark sauðfjár tímabundið milli prestssetursjarða skv. sérstöku vinnureglum stjórnar þar um.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

23. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kirkjumálasjóð vegna rekstrar og umsýslu prestsbústaða og prestssetursjarða nr. 963/2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjuráð skipar stjórn prestssetra, sbr. 3. gr. starfsreglna þessara, er sitji til 30. júní 2011.

Gjört í Reykjavík, 25. október 2007.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. október 2007.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.